

Við minnum á galleríð á Facebook þar sem finna má myndir af ýmsum verkum nemenda í skólanum:

<https://www.facebook.com/>

SKÁKIN STERK Í SKÓLANUM

Skákin er farin aftur af stað og við byrjuðum leik á að næla okkur í Íslandsmeistararitil. Hörðuvallaskóli vann Íslandsmót grunnskólasveita í stúlknaflökki í 3.-5. bekk. Það voru þær Guðrún Fanney, Klara Hlín, Lára og Áróra sem kepptu fyrir hönd skólans og stóðu sig svona prýðilega vel. Við óskum þeim og þjálfara þeirra Gunnari Finnssyni innilega til hamingju.



Kæra skólasamfélag

Nemenda-og foreldraviðtöl voru í janúar og gengu þau mjög vel. Við þökkum ykkur foreldrum mikla þátttöku og mörg hlý orð í garð skólans. Margir lýstu yfir ánægju sinni með fyrirkomulag viðtalanna og í heildina voru fleiri foreldrar sem höfðu færi á að vera með í viðtölunum í svona fjarfundaformi. Við komum því til með að byggja á þessari reynslu í framtíðinni og bjóða upp á þennan valkost ásamt staðviðtölum.

Í mars eru fyrirhugaðir þemadagar og samkvæmt skóladagatali ættu að vera tveir skertir dagar. Þetta hefur verið rætt í skólaráði og við Menntasvið og við fengið leyfi til að breyta skertum dögum á vorönn þannig að í stað 22. og 23. mars þá verður einungis 26. mars skertur skóladagur þá vikuna. Síðan færist hinn skerti dagurinn til 7. júní. Þetta þjónar betur starfi og skipulagi skólans sem hefur vissulega breyst töluvert frá útgáfu skóladagatalsins fyrir um ári síðan. Breytt dagatal má sjá á næstu síðu.

Það er gaman að segja frá því að hugmyndaráð hafa verið skipuð á öllum aldursstigum skólans og er ætlunin að með tilkomu þeirra eflist nemendalýðræði. Tveir nemendur eru í ráðinu frá hverjum umsjónarkennara og eru alls fjögur ráð, nemendur í 1.og 2.árgangi eru saman, nemendur í 3. og 4.árgangi saman, 5.-7.árgangur saman og loks nemendur í 8.-10.árgangi. Við vorum rétt farin af stað með þessa vinnu í fyrra þegar covid sótti landið heim en nú höfum við tekið upp þráðinn að nýju. Hugmyndaráðin hitta stjórnendur einu sinni í mánuði og eru þá bæði með erindi frá sínum bekkjum sem þau koma á framfæri en líka eru rædd ýmis mál sem sem upp koma í skólastarfinu og þá taka þessir fulltrúar nemenda umræðuna til baka inn í bekkina til umræðu þar. Það er okkur afar mikilvægt að heyra sjónarmið nemenda og fá þátttöku þeirra þegar kemur að skipulagi skólastarfsins.

Sól hækkar á lofti, það munar um birtuna sem bætir í á hverjum degi og við lítum björtum augum til komandi daga við leik og störf.

Bestu kveðjur
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri

DAGSKRÁ KÚLUNNAR

ALLTAF OPIÐ Í HÁDEGISHLÉINU Í LITLU KÚLU
ALLTAF OPIÐ 14:00-16:00 Í LITLU KÚLU

FEBRÚAR

LITLA KÚLA = VALLAKÓR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1-5	19:30-22:00 FÓTBOLTI INN Í SAL & KÓSÝ	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU	17:00-18:30 OPIÐ HÚS(LITLA KÚLA) 19:30-22:00 TRÚNÓ OG KYNLÍFSSPJALL	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU 20:00-23:00 FÓTBOLTAMÓT
8-12	19:30-22:00 KÖKUKÉPPNI & TEQ-BALL BLAKMÓT	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU	17:00-18:30 OPIÐ HÚS(LITLA KÚLA) 19:30-22:00 KARAOKÉ KVÖLD	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU
15-19	19:30-22:00 BOLLUOPNUN	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU	17:00-18:30 OPIÐ HÚS(LITLA KÚLA) 19:30-22:00 SLÁ KÖTTINN ÚR TUNNUNNI	12:00-23:00 LAN 20:00-23:00 BRAGÐAREFSOPNUN	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU 20:00-23:00 LOKAÐ(OPIÐ Í GÆR Í STAÐINN)
22-26	19:30-22:00 OPIÐ HÚS	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU	17:00-18:30 OPIÐ HÚS(LITLA KÚLA) 19:30-22:00 OPIÐ HÚS	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU	12:00-16:00 OPIÐ Í LITLU KÚLU



SKÓLADAGATAL TIL VORS MEÐ BREYTINGUM Á SKERTUM DÖGUM

FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ					
1	M	1	M	1	F	Skírdagur	1	L	Verkalyösdagurinn	1	Þ		
2	Þ	2	Þ	2	F	Föstudagurinn langi	2	S		2	M		
3	M	3	M	3	L		3	M		3	F		
4	F	4	F	4	S	Páskadagur	4	Þ		4	F		
5	F	5	F	5	M	Annar í páskum	5	M		5	L		
6	L	Dagur leikskólans	6	L	6	Þ	6	F		6	S	Sjómennadagurinn	
7	S		7	S	7	M	7	F		7	M	Þemadagur	
8	M		8	M	8	F	8	L		8	Þ	vorferðir	
9	Þ		9	Þ	samræmd próf 9.árg	9	F	9	S		9	M	Guðmundarlundur
10	M		10	M	samræmd próf 9.árg	10	L	10	M		10	F	skólaslit
11	F		11	F	samræmd próf 9.árg	11	S	11	Þ		11	F	Skipulagsdagur
12	F		12	F		12	M	12	M		12	L	
13	L		13	L		13	Þ	13	F	Uppstigningardagur	13	S	
14	S		14	S	dagur stærðfræðinnar	14	M	14	F	skipulagsdagur	14	M	Skipulagsdagur
15	M	Bolludagur	15	M		15	F	15	L		15	Þ	Skipulagsdagur
16	Þ	Sprengidagur	16	Þ		16	F	16	S		16	M	
17	M	Öskudagur	17	M	skipulagsdagur	17	L	17	M		17	F	Lýðveldisdagurinn
18	F	Vetrarfrí	18	F		18	S	18	Þ		18	F	
19	F	Vetrarfrí	19	F		19	M	19	M		19	L	
20	L		20	L		20	Þ	20	F		20	S	
21	S	Konudagur	21	S		21	M	21	F		21	M	
22	M		22	M		22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ
23	Þ		23	Þ		23	F		23	S	Hvítasunnudagur	23	M
24	M		24	M		24	L		24	M	Annar í Hvítasunnu	24	F
25	F		25	F		25	S		25	Þ		25	F
26	F		26	F	Þemadagur	26	M		26	M		26	L
27	L		27	L		27	Þ		27	F		27	S
28	S		28	S	Pálmasunnudagur	28	M		28	F		28	M
			29	M		29	F		29	L		29	Þ
			30	Þ		30	F		30	S		30	M
			31	M					31	M			

GULIR DAGAR ERU SKERTIR SKÓLADGAR, GRÁA DAGA ER EKKI SKÓLI

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1. feb	2. feb	3. feb	4. feb	5. feb
Ýsa í raspi m/soðnum kartöflum og sósu. Grænmeti og ávextir	Sænskar hakkbollur m/brúnni sósu, kartöflumús, rauðkáli og grænum baunum. Grænmeti og ávextir	Heitur pastaréttur m/heilhveitipastapenne, pylsubitar, grænmeti og ostasósa. Ávextir.	Heimalagaður ofnbakaður fiskur í karrýsósu m/brúnum hrísgrjónum. Grænmeti og ávextir	Hamborgari m/brauði, káli, gúrkum, tómötum, papriku og kartöflubátum. Ávextir
8. feb	9. feb	10. feb	11. feb	12. feb
Gufusoðin ýsa m/bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Grænmeti og ávextir	Píta m/skinu, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	Skyr m/rjómblandi og ostaslaufa. Ávextir	Heimalagaður plockfiskur m/rúgbrauði. Grænmeti og ávextir.	Mexíkósk súpa m/kjúklingi, grænmeti, tortillaflögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir
15. feb	16. feb	17. feb	18. feb	19. feb
Bolludagur	Sprengidagur	Öskudagur		
Fiskibollur m/brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Grænmeti og ávextir	Saltkjöt m/jafningi, soðnum kartöflum og grænum baunum. Ávextir	Pítsa og safi Skertur skóladagur morgundvöl opin	Vetrarfrí	Vetrarfrí
22. feb	23. feb	24. feb	25. feb	26. feb
Ýsa í orlý m/brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Grænmeti og ávextir	Kjötlasagna m/grófu-brauði. Grænmeti og ávextir.	Hrísgrjónagraulur m/kanilsykri, rúsínum og lifrapylsu. Ávextir.	Fiskiborgari m/brauði, káli, gúrkum, tómötum, papriku og kartöflubátum. Ávextir	Kínverskar núðlur m/kjúklingi, eggjum og grænmeti. Ávextir
Matseðillinn er birtur með fyrirvara um breytingar				

Matseðill febrúarmánaðar var ákveðinn í samráði við nemendur í hugmyndaráði.

Að þessu sinni voru það nemendur í 10.árgangi sem hittu Hildi matræð og lögðu fram tillögur að máltíðum.

Allar máltíðir nema tvær koma frá nemendum og eru það einungis bollurnar á bolludag og saltkjötið á sprengidag sem ekki komu ekki frá þeim. Það eru hinsvegar máltíðir sem eiga sér langa hefð sem ákveðið var að halda í.

Það verður gaman að fylgjast með þessu samstarfi hugmyndaráðs og matræðs varðandi skólamatinn okkar í framtíðinni.

Öskudagurinn 17.2. - stuttur skóladagur

Allir nemendur mæta kl.

8:30 í sínar heimastofur.

Dagskrá til kl. 11:30

Þá er hádegismatur.

Að því búnu fara nemendur heim eða í Frístund.

Að venju eru pitsur í matinn.

Þeir nemendur sem ekki eru

í mataráskrift geta keypt miða hjá ritara á 480 krónur, foreldrar geta einnig haft samband við ritara og millifært greiðslur.

